

Samkaup strax

Athugið breyttan opnunartíma

Mánudaga til föstudaga: **09:00-19:00**

Laugardaga: **10:00-19:00**

Sunnudaga: **10:00-17:00**

Verið velkomin
Starfsfólk Samkaup Strax



KB BANKI

Hraðbankinn
er opinn allan sólarhringinn.

Afgreiðslutími á Flúðum:
mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00
Breittur viðtalstími bankastjóra á
miðvikudögum 13:30-15:45

Athugið!!!!
Breytt símanúmer. 480-4700.



185. tbl. 15. árgangur

September..2005

Ritstjóri: Ísólfur Gylfi Pálmason

www.hrunamannahreppur.is

Útgefandi: Hrunamannahreppur

Netfang: pesi@fludir.is

Sími: 480 6600

Réttardagur

Eins og áður hefur verið sagt frá verða Hrunaréttir föstudaginn 16. september og hefjast kl. 10 árdegis. Safnið verður rekið úr Launfit kl. 9 og eru allir velkomnir til þess að aðstoða við reksturinn. Að vanda mun Skrifstofa Hrunamannahrepps, Flúðaskóli, Leikskólinn, Sundlaugin og Íþróttahúsið verða lokað á réttardaginn. Réttardagurinn er hátíðisdagur í sveitinni og við vonumst auðvitað til þess að sem allra flestir njóti dagsins og geri sér glaðan dag. Heyrst hefur að eldri borgarar úr Rangárþingi ætli að koma í Hrunaréttir þetta árið. Þá munu veitingarstaðir og golfskálarnir væntanlega bjóða upp á réttarsúpu og í undirbúningi er réttarball annaðhvort á Útlaganum eða í Félagsheimilinu. Hvar eru ballskórnir??

Efnisyfirlit.

Haustið –tími eftirvæntingar

Forystugrein sveitarstjóra.

Fréttir úr Hrunamannahreppi

Tilkynningar

Auglýsingar

Næsti Pési kemur út:

15. okt

Skilafrestur á efni:

11. okt

Sundlaugin á Flúðum:
Opnunartími:
Mánudaga til föstudaga
17:00-21:30
Laugardaga og sunnudaga
13:00-18:00.

Tími eftirvæntingar!

Hver árstími hefur sína sérstöðu. Haustið er tími uppskeru og er fróðlegt að fylgjast með þeim krafti og ræktunaráhuga sem hér er.. Neysla grænmetis fer mjög vaxandi á Íslandi og er það vel en stór hluti af þessari neyslavöru kemur héðan á markaðinn. Þá er haustið einnig tími gangna og rétta og er vaskur hópur manna að leggja á fjall þegar þetta blað kemur út. Það fylgir göngum og réttum alltaf mikil eftirvænting og þessi gamla hefð er sem betur fer enn í hávegum höfð. Nú er svo komið að allt kindakjöt sem framleitt er, er selt og vekur það vonir um að sauðfjárræktin eigi eftir að eflast á komandi árum. Það er einnig gaman að fylgjast með þeim krafti sem er í mjólkurframleiðendum hér í sveit, langt er síðan að jafnmörg fjós hafa verið í byggingu eða nýbyggð eins og nú er. Haustið er einnig tími eftirvæntingar. Ungviðið sem er að hefja nám í leikskóla- eða grunnskóla eða er að halda áfram að feta sig áfram í skólakerfinu er fullt eftirvæntingar. Miklu máli skiptir í hverju samfélagi að skólalald gangi sem allra best. Þar þarf að fara saman góð aðstaða, gott starfsfólk hvort heldur talað er um stjórnendur, kennara, eða annað starfsfólk skólanna. Það má líkja þessu við keðju þar sem allir hlekkir þurfa að vera sterkir og nauðsynlegt er að gott samstarf sé milli allra aðila sem að skólalaldi koma.. Stór hluti af skatttekjum hvers sveitarfélags fer til menntamála, í okkar tilelli um 65 krónur af hverjum 100 krónum sem í sveitarsjóð koma og þess vegna er brýnt að þessir peningar nýtist sem allra best því eins og gamalt máltæki segir: “að framtíðin er þeirrar þjóðar sem á bestu skólana”. Hluti af góðu skólalaldi er gott samstarf foreldra og skóla. Hér er metnaðarfullt og gott skólastarf hvort heldur er í leikskóla eða grunnskóla. Fyrir nokkrum árum sat sá er þetta skrifar skemmtilegan og fróðlegan fyrirlestur Þórólfs Þórlindssonar, prófessors um skólann á 21 öldinni. Hann taldi að mesta ógn sem stöðjaði að ungu fólki á nýrri öld væru eiturlyf, sem hafa hellst yfir heimsbyggðina.

Frá Vörðukórnum.

Nú er spennandi vetrarstarf framundan. Fyrsta æfingin verður í Brautarholti miðvikudaginn 28. sept kl. 20:30. Nú er um að gera að bretta upp ermarnar og mæta vel frá upphafi því fyrstu tónleikarnir verða 15. október, en það eru sameiginlegir tónleikar með Samkór Selfoss og Arnesingakórnum í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði. Nánar verður rætt um vetrarstarfið á fyrstu æfingu. Nýir félagar ávallt velkomnir. Stjórnin.

Íþróttahúsið á Flúðum—tækjasalur. Opnunartími.

Mánudaga til fimmtudaga	15:30-21:00
Föstudaga	13:00-20:00
Laugardaga	Lokað
Sunnudaga	15:30-20:00

Frá Bókasafni Hrunamanna.

Opnunartími bókasafnsins.

Skrifstofa Hrunamannahrepps er opin.

Mánudagar	Kl. 20-21
Þriðjudagar	Kl. 16-18
Miðvikudagar	Kl. 16-18
Fimmtudagar	Kl. 16-18

Mánudaga til föstudaga

09:00-12:00 og
13:00-16:00

FLÚÐALEIÐ ehf.

Mínum á breytta ferðaáætlun í uppsveitir Árnessýslu (Grímsnes, Laugardalur, Biskupstungur, Hrunamanna-hreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur)

Brottför frá Reykjavík (VM Flytjanda, Klettagörðum 15): alla virka daga kl: **13⁰⁰**

Brottför frá Selfossi (Húsasmiðjunni, Byko og Flytjanda): alla virka daga kl: **14⁰⁰**

Nú verður aukaferð farinn frá Reykjavík kl: 16⁰⁰ alla föstudaga.

Allar nánari upplýsingar gefur Pálmar á Flúðum.

Bílstjórar:

Pálmar: 892-2370 Stefan: 892-2371
Halldór: 892-2372

Heimasími: 486-6685 Fax: 486-6693
Netfang: fludaleid@simnet.is

Hann fjallaði um nútímann, upplýsingatæknina og alla þá möguleika sem framtíðin bærir í skauti sínu. Enn þrátt fyrir alla nútímatæknina og alla þó möguleika sem hún bærir í skauti sér væru hinar gömlu grundvallarreglur enn í fullu gildi en þær væru agi, lestur, skrift og reikningur. Það er nauðsynlegt fyrir okkur að velja þessum staðreyndum fyrir okkur. Það er skylda skólans okkar og foreldra að þessi gildi séu í hávegum höfð. Ef við sem foreldrar ráðum ekki við börnin okkar er ekki hægt að gera kröfu til þess að skólinn geti það. Samvinna foreldra og skóla og gagnkvæmur skilningur milli þessara aðila er því afar mikilvægur.

Ísólfur Gylfi Pálmsón,
sveitarstjóri.

Stuttar fréttir úr Hrunamannahreppi

Íslenska lífmassafélagið sækir um lóð.

Á síðasta hreppsnefndarfundum var tekið fyrir erindi frá Íslenska lífmassafélaginu þar sem þeir sækja um lóð í Hrunamannahreppi undir lífmassaverksmiðju sem ynni úr um 20.000 tonnum af þurru hráefni árlega. Hér er um afar spennandi hugmyndir að ræða en það tekur að sjálfsgöðu sinn tíma að koma verksmiðju upp. Hreppsnefnd tekur að vonum þessum hugmyndum vel enda einsýnt að í framtíðinni verður lögð áhersla á framleiðslu nýrra orkugjafa. Það er einmitt gert ráð fyrir að verksmiðjan framleiði etanol sem er í raun alkohol. Einhver gárunginn hafði á orði að til væru menn í héraði sem reynslu hefðu að slíkri framleiðslu – alltént í nágrennasýslum.

Mikil eftirspurn eftir lóðum

Í vor og sumar hefur verið mikil eftirsókn eftir lóðum hér á Flúðum. Enn eru þó tvær lóðir óúthlutaðar við Hofatún þannig að þeir sem vilja byrja strax að byggja eiga möguleika þar. Breytt hefur verið skipulagi við Vesturbrún, einnig við Norðurhof, þar sem gert var ráð fyrir raðhúsi verður parhús. Þessi deiliskipulagsferill er á enda og nánari frágangur í höndum skipulagsfulltrúa. Þá hefur sveitarstjórn einnig samþykkt deiliskipulag við svokallaðan “Tómasarhaga” eða “Austurhof” eins og þetta svæði var nefnt sem og breytingu á deiliskipulagi og nýju deiliskipulagi í Högnastaðaásnum þar sem gert er ráð fyrir tveggja hæða húsum. Þessi samþykkt er gerð með fyrirvara um að Fornleifanefnd geri ekki verulagar athugasemdir við nýbyggingu á þessu svæði. Sveitarstjórn á eftir að velja nafn á þetta hverfi og eru allar tillögur vel þegnar. Einhverjum hefur þótt nóg um að kalla þetta svæði Tómasarhaga en það kom auðvitað til af því að Tómas Þórir býr þarna rétt við. Stungið hefur verið uppá heitinu Austurhof sem er gamalt örnefni og tengist nafngiftunum Suðurhof, Miðhof og Norðurhof. Verkfræðistofu Suðurlands hefur verið falið að hanna götu og lagnir í þetta hverfi og um leið og allir hnútar hafa verið bundnir verður formlega hægt að úthluta lóðum á þessum svæðum.

Nýtt starfsfólk í sundlaug.

Else Nielsen og Anne Mie Niiuchi Nilsen eru nýir starfsmenn í sundlauginni. Aðalheiður Jónsdóttir mun einnig vinna við sundlaugarvörslu eina helgi í mánuði í vetur. Ungu mennirnir sem unnu í lauginni í sumar þeir Jóhannes Helgason sem farinn er í skóla og Daníel Reynisson sem m.a. ætlar að kappkosta að ná enn betri árangri í badminton hafa látið af störfum og er þakkað fyrir sumarstarfið.

Enn tekið til hendinni í félagsheimilinu

Öll umgengni í Félagsheimilinu okkar er til mikillar fyrirmyndar. Nú síðast var allt hitakerfið yfirfarið og lagnir endurnýjaðar að hluta. Þetta leiðir til mun minni notkunar á heitu vatni en verið hefur. Þá hefur Guðmundur húsvörður verið að mála glugga auk margskonar annars viðhalds. Enn höfum við þó ekki náð að gera allt sem fyrirhugað er í viðhaldi á húsinu en það sem gert hefur verið er allt til mikilla bóta.

Opna TOPP - golfmótið

Fyrsta opna golfmót nýstofnaðs **Golfklúbbs Ásatúns (GÁS)** verður haldið **laugardaginn 17. september** á hinum nýja 9 holu golfvelli Ásatúns (5 km. frá Flúðum). Leiknar verða 18 holur.

Mótið er punktamót með fullri forgjöf, karlar 36 og konur 40.

Bifreiðaverkstæðið TOPPUR ehf. gefur öll verðlaun.

1. verðlaun án forgjafar

1.-3. verðlaun með forgjöf

Nándarverðlaun á báðum þar 3. brautum

Verðlaun fyrir lengsta teighögg á 6. braut

Keppnisgjald 2500 kr

Skráning í Golfskálanum SNÚSSU s. 486 6601 gsm. 8986683

Mótanefnd

Þakkir til og frá.

Fyrir hönd allra nemenda í 10. bekk í Flúðaskóla, langar okkur að þakka þeim fjölmörgu sem studdu bekkinn til ferðalagsins til Danmerkur um daginn. Það er ómetanlegt að fá stuðning til slíks ferðalags og óhætt að segja að ekki væri hægt að fara svona ferð nema með dyggum stuðningi allra sem lagt hafa hönd á plóg. Langar okkur í þessu sambandi sérstaklega að nefna *Vöndul*, flutningafyrirtækið á Flúðum en það fyrirtæki fór tvær ferðir í *Endurvinnsluna* fyrir okkur, með fullan bíl af dósum og flöskum sem búið var að safna víða um sveitir í vor og sumar. Eins viljum við þakka þeim fjölmörgu sem buðu okkur vinnu og keyptu af okkur kökur og sælgæti sem selt hefur verið í fjáröflunarskyni. Svo og þakkir til allra þeirra sem styrktu okkur með því að kaupa auglýsingu á leikskrá árshátíðarinnar í vetur.

Ferðalagið tókst mjög vel í alla staði og koma nemendur reynslunni ríkari og full áhuga og bjartsýni til vinnu í upphafi þessa síðasta skólaárs síns hér í Flúðaskóla. Svona ferðalag er ómetanlegur þáttur í skólalífinu sem og öðru starfi því börnin læra alveg gríðarlega við skipulagningu, samvinnu, verkefnavinnu ýmis konar og á því að ferðast og taka ábyrgð á sjálfum sér.

Skólinn sem sóttur var heim, *Grantofteskolen í Ballerup*, tók mjög vel á móti okkur og var öll aðstaða og dagskrá til fyrirmyndar. Framundan er svo skemmtileg, lærdómsrík og áhugaverð vinna í dönsku, ensku og samfélagsfræði í allan vetur, sem unnin verður að mestu á netinu. Fyrsta sem við gerum er að halda "ráðstefnu" á milli landa en hún verður haldin þriðjudaginn 27. september kl. 08:00 og munu þá nemendur úr Flúðaskóla, frá Danmörku og Singapúr eiga spjall saman á netinu þar sem verður notast við netmyndavél (webcamera) og tölvur. Einnig ætlum við að hafa opið hús seinna í vetur og sýna myndir frá ferðalaginu og fara með ferðasöguna í máli og myndum. Samvinnan við Danina endar svo á því að Danirnir koma í heimsókn til okkar að samræmdu prófunum loknum.

Foreldrar, sem voru með í för, fá innilegar þakkir fyrir frábæra samvinnu og samveru og einnig allir aðrir foreldrar í bekknum sem hafa unnið af elju og áhuga við hlið barna sinna að þessu ferðalagi. Slík ferð sem þessi væri náttúrulega ekki möguleg nema með hjálp og áhuga foreldra.

Enn og aftur þakkir.

Anna Ásmundar, Árni Hilmars og stjórnendur Flúðaskóla.

Sameiningarmál sveitarfélaga.

Eins og oft áður hefur komið fram verður hér og víða um land kosið um sameiningu sveitarfélaga 8. október n.k. Eins og alltaf sýnist sitt hverjum um sameiningu sveitarfélaga. 29 júní s.l. var haldinn ágætur sameiningarfundur þar sem íbúar allra sveitarfélaga í uppsveitum Árnessýslu áttu möguleika á að mæta. Líðlega hundrað manns mætti á þann fund. Nú eru framundan fundir sem verða í hverju sveitarfélagi fyrir sig og verður fundurinn hér í Hrunamannahreppi í Félagsheimilinu kl. 20 mánudaginn 19. september. Fyrirtækið Alta hefur hjálpað okkur við skipulagningu, stjórnun og úrvinnslu þessara funda. Eva Marín Hlynsdóttir er verkefnastjóri þessa verkefnis. Hvort heldur menn eru sameiningarsinnar eða andvígir sameiningu eða hafa enn ekki myndað sér skoðun á málinu eru þeir eindregið hvattir til þess að taka þátt í þessum fundi sem er nokkurskonar íbúabætur. Það er skylda allra að taka afstöðu til þessara mála. Á íbúabætur sem haldið var á Borg í Grímsnesi í vikunni kom fram hjá félagsmálaráðherra að í potti þeirra sveitarfélaga sem nú ynnu að sameiningu væri áætlaðir 2.4 milljarðar króna.

Samgöngumál, mál málanna.

Þegar fjallað er um sameiningarmál kemur alltaf upp umræðan um samgöngur. Talað hefur verið um sérstaka uppsveitabraut sem tengja á þessar byggðir saman. Einn af lykllum þessara samgöngubóta er brú við Bræðratungu sem er á áætlun árið 2007. Í ræðu félagsmálaráðherra um sameiningarmál kom fram að 300 milljónum króna af söluhagnaði Símans verði varið til þessarar framkvæmdar. Aðrir hlutar áætlunar um Uppsveitabraut eru Gjábakkavegur, Laxárdalsleið og síðan tenging við uppsveitir Rangárvallasýslu með brú eða annarri samgöngutengingu yfir Þjórsá. Tekið skal skýrt fram að hér er enn um hugmyndavinnu að ræða en einhversstaðar stendur að orð séu til alls fyrst.

Göngur og réttir.

Hin velvirka Landbúnaðarnefnd í Hrunamamannahrepp hefur í samvinnu við fjáreigendur skipulagt fjallferð með viðeigandi göngum og réttum. Fé hefur fækkað mikið hér í sveit á undanförunum árum, að stærstum hluta vegna vágestsins sem nefnd er riða . Hins vegar virðast bjartari dagar framundan í þessum efnunum þar sem einn stærsti fjárbóndi hreppsins, fjallkóngurinn Steinar Halldórsson í Auðsholti mun taka til sín fé nú í haust. Vonandi tekst okkur að uppræta riðuna þannig að þeir sem áhuga og atvinnu hafa sauðfjárrækt geti stuðlað að því að við getum enn notið þessara heilnæmu afurða sem lambakjötið er. Haft hefur verið samband við bændur á þeim bæjum þar sem niðurskurður átti sér stað og þeir hvattir til þess að ljúka hreinsunum, sem eru á sinn hátt ein af þeim forsendum að þessir hlutir gangi upp.

Unnið áfram að nýrri kaldavatsveitu.

Unnið verður áfram að framkvæmdum við nýja kaldavatsveitu hér í Hrunamannahreppi. Vatnið kemur úr svokölluðum Fagradal, sem ber nafn með rentu. Uppspretturarnar eru í landi Berghyls og Jötu. Mælingar sýna að hér sé um 24 lítra á sek. að ræða. Til samanburðar höfum við nú 13 ltr á sek. í vatnsveitunni hér á Flúðum. Ef allar áætlanir standast verður hér um mikla byltingu að ræða. Mjög litlu hefur munað að skammta hafi þurft neysluvatn frá vatnsveitunni á Flúðum þegar heitast hefur verið í veðri og mest vatnsnotkunin.

Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps.

Búum til dúkkur :o)

Nú ætlum við að skella okkur í dúkkugerðina sem við töluðum um í vor. Hittumst í Flúðaskóla miðvikudaginn 21. september kl. 20:00 og miðvikudaginn 28. september einnig kl. 20:00. Allt verður til staðar til dúkkugerðarinnar. Þið þurfið bara að hafa með ykkur góða skapið og vinnugleðina.

Með kveðju.

Stjórnin og aðstoðarkonur.

Leikskólafréttir

Leikskólinn tók til starfa aftur eftir sumarfrí mánudaginn 15. ágúst og hafa börnin smám saman verið að skila sér aftur í leikskólann. Þó nokkur fækkun er á börnum þetta haustið og verða þau núna 48 í mismunandi vistunartímum. Tveir nýir starfsmenn byrjuðu hjá okkur í september, Guðrún Edda Hannibalsdóttir og Ester Á. Guðmundsdóttir og við bjóðum þær velkomnar til starfa. Okkur til mikillar ánægju höfum við fengið nema á fjórða ári í leikskólakennarafræðum frá Háskólanum á Akureyri til liðs við okkur. Hún heitir Halldóra Halldórsdóttir og lýkur námi í vor. Það er alltaf gott að fá nema inn í starfið, þeir koma með nýjar hugmyndir og nýja strauma sem frískar upp starfið.

Starfsfólk leikskólans

Frá Félagi eldri Hrunamanna.

Að venju hefst vetrarstarfið fyrstu vikuna í október, nánar tiltekið þriðjudaginn 4. október kl. 13.00 í kjallara Heimalands, með föndri, bókbandi og bridge.

Nokkrar umræður hafa verið um þörf á því að skipta starfseminni á tvo daga, vegna þrengsla, þannig að föndur verði einn dag en bókbandi og bridge annan dag.

Þessi mál þurfum við að skoða og ræða, en fyrst um sinn verður starfsemin óbreytt.

Fyrsta opna húsið verður svo fimmtudaginn 13. október og hefst kl. 13.30.

Eldri Hrunamenn eru hvattir til að taka virkan þátt í vetrarstarfinu.

Stjórnin

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsbað
Húðhreinsun
Litun og plokkun
Handsnyrting
Fótsnyrting
Förðun
Vaxmeðferðir

Tímamantanir í síma 566-8342
og 897-3741(Hlíf)



Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna
föstudagana 23.sept.30.sept. 14..okt
Pantið tímanlega.

Tímamantanir í síma:
486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.
Einnig á hársnyrtidegi **893-6084** og **899-9665**.
Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084

VÖNDULL ehf.- FLUTNINGAÞJÓNUSTA

Daglegar ferðir FLÚÐIR- REYKJAVÍK – FLÚÐIR og nágr.

Vöruafgreiðsla í Rvk.

ADALFLUTNINGAR ehf.

Vatnagarðar 6, sími: 581-3030.

Brottför frá Reykjavík: alla virka daga kl. 13:00

Á Selfossi hjá HÚSASM. og BYKO kl 14:00

Nánari upplýsingar: Jóh. Unnar Guðmundsson

Sími: 898-3741 Högnastíg 1 Flúðum

Ég þarf að fá mér kærustu!

Afrakstur upptöku hljómsveitarinnar Hjálma á hljómdiski hér á Flúðum er þegar farinn að koma í ljós. Á öldum ljósvakans heyrst oft hið skemmtilega sænska lag úr Ævintýri á gönguför - Ég þarf að fá mér kærustu. Þess má til gamans geta að sveitarstjórinn ykkar rak inn nefið þegar hljómsveitin var að leggja lokahönd á hljóðfæraleik í laginu. Þeir voru í vandræðum með texta við lagið. Sveitarstjórinn hringdi þegar í stað í móður sína, sem er á besta aldri ný komin á ní-ræðisaldurinn, hún fann þennan skemmtilega texta við lagið. Textinn var sleginn inn í tölvu í snarhasti og afhentur hljómsveitarmönnum, sem sungu hann þegar í stað inná hljómdiskinn en hann fellur einkar vel að þessu fallega lagi. Var ekki einmitt Ævintýri á gönguför einhvern tíman sett á svið hér af Ungmennafélagi Hrunamanna?

Reikningar innheimtir í gegnum Intrum.

Það hefur ekki farið fram hjá íbúum hreppsins að nú fara þeir reikningar sem gefnir eru út af hreppnum í gegnum innheimtupjónustu hjá Intrum. Þeir sem alltaf standa í skilum, sem eru sem betur fer flestir þegar þessa samfélags, þurfa ekki að hafa áhyggjur af þessu. Hins vegar reynir þetta á þá sem ekki greiða reikninga sína á tilsettum tíma eða hafa átt hér gamlar skuldir. Þetta fyrirkomulag er ekki tekið upp til þess að brjóta á fólki heldur fyrst og fremst til að koma þessum málum í ákveðið horf. Fyrirkomulag þetta hefur reynst vel og hafa fjölmargir sem skuldað hafa sveitarsjóði gert upp skuldir sínar. Þetta er ekki síst sanngirnismál fyrir þá sem alltaf standa í skilum við sveitarsjóð.

Aukasorpgjöld

Í síðasta mánuði sendum við út reikninga fyrir aukasorpgjöldum fyrir árið 2004. Flestum þykir nóg um gjaldtöku í þessa veru sem engu að síður er nauðsynleg og dekkar á engan hátt þann mikla kostnað sem til fellur við þá sorphreinsun, gámasvæði eða gá mavöll sem boðið er uppá. Aukasorpgjaldið er hugsað til þess að koma til móts við þennan kostnað. Fólk er hvatt til þess að ganga vel frá sorpi og úrgangi og ganga vel um gá mavöllinn en þar hefur einnig verið komið fyrir aðstöðu til þess að taka við spilliefnum, olíuúrgangi, rafgeymum o.fl. Þeir sem lent hafa í því að fara með sorp til Sorpu í Reykjavík þekkja gjaldtökuna þar, okkar taxtar eru útsölutaxtar miðað við það sem þar gerist.

Aldrei fleiri nemendur í Flúðaskóla.

Í vetur eru 193 nemendur í Flúðaskóla og er talið að aldrei hafi verið fleiri nemendur í skólanum og einmitt nú. Það er gaman til þess að vita. Þetta stafar af aldurssamsetningu íbúa hér í hreppnum. Auk þess eru í skólanum góðir grannar okkar úr Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Skólahlald fer vel af stað og nýjum skólastjóra, kennurum og öðru starfsfólki svo og nemendum óskað velfarnaðar á komandi skólaári.

Lausir hundar

Mikið er kvartað undan lausum hundum hér á Flúðum og reyndar í dreifbýlinu einnig. Svo rammt hefur kveðið að að hundur hefur bitið barn hér í hreppnum. Enn og aftur er þeim tilmælum komið til hunda-eigenda að hafa hunda sína bundna því bannað er að hafa lausa hunda hér á Flúðum. Hundaeigendur eru skaðabótaskyldir valdi hundar slysi á mönnum. Hundar eru dásamlegar skepnur og edlilega elskaðir og dáðir af eigendum sínum – hins vegar verðum við líka að skilja að það er til fullt af fólki sem er ekkert um hunda gefið og jafnvel skíthrætt við þessar skepnur.

Kettirnir pirra líka

Það er vandlifað í veröldinni. Á sama hátt sem kettir eru dáðir af eigendum sínum er til fólk sem jafnvel hefur ofnæmi fyrir þeim blessuðum. Þetta verða kattaeigendur að skilja líka. Það eru til kettir hér á Flúðum sem eru einkar liprir og eiga það til að stinga sér inn um opna glugga og liggja í makindum í hjónarúmum fólks. Það sem verst er að þeir eru alltof oft í vitlausum hjónarúmum þ.e. hjá öðrum en eigendum sínum. Án þess að við á hreppsskrifstofunni eigum mikið að skipta okkur af því hverjir sofa í hvaða hjónarúmi – skiljum við vel þirring þeirra sem eiga ekkert í skepnunni sem malar letilega og lætur fara vel um sig í vitlausu rúmi.

Til sölu!!

Hurð 4x4 m. til sölu
Upplýsingar hjá Pálmari í síma 892-2370

Rétta—súpan

Kjötsúpa verður framreidd í Snússuskála
á réttardaginn 16. sept. frá kl: 16:00-18:00.

Skálinn verður opinn til kl 20:00.

Stór úr krana á tilboði 400 kr.

Allir velkomnir

Skálavörður.

Hamborgartilboð í Snússuskála.

17. sept frá kl:16:00-18:00.

Hamborgari með osti,grænmeti,sósu og frönskum 750 kr.

Stór úr krana á tilboði 400 kr..

Snússuskáli verður lokaður eftir 17. sept á virkum dögum.

Opið um helgar frá kl: 13:00-17:00

Nýtt símanúmer í Laugarási.

Heilsugæslustöðin í Laugarási hefur
fengið nýtt símanúmer.

480 5300

Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804